

Arið 2006, 24. október kl. 16 var haldinn aðalfundur Oddafélagsins í Odda á Rangárvöllum, safnarheimilinu Kruga. 12 manns voru mætt til fundar.

Formaður lagði fyrir fundinn eftirfarandi dagskrá:

- A. Hælsu aðgerðir á árinu og starfsáætlun næsta árs. Greinagerð formanns.
- B. Reikningar. Greinagerð gjaldkera
- C. Umráður um greinagerðir formanns og gjaldkera.
- D. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
- E. Argjald næsta starfsárs ákveðið.
- F. Önnur mál.

A. Formaður setti fundinn kl. 16:10. Hann bauð nýjan sóknarprest í Odda, Guðbjörgu Arnardóttur velkomna á staðinn og til starfa í félaginu. Sömuleiðis bar hann fyrir kveðju fyrrum sóknarprests í Odda, Sigurðar Jónssonar sem ekki komst á fundinn.

Þakkaði formaður sr. Sigurði fyrir vel unnin störf í þágu félagsins frá upphafi þess.

Formaður flutti kveðju frá Freysteini Gunnarssyni sem ekki var viðstaddur.

Formaður bauð nýjan sveitastjóra Rangárbings ytra, Örn Þórðarson, velkomin á fundinn og óskaði honum velfarnadar í starfi. Sömuleiðis bauð hann hjónin

Anders Hansen og Sigríði á Leirubakka velkomin og óskaði þeim velfarnadar með uppbyggingu Hekluseturs.

Formaður skilgreindi og sagði frá starfsemi og markmiðum Oddafélagsins. Að því loknu fór hann yfir sl. starfsár. Bar þar hæst Oddastefnu sem haldin var í Ráðstefnusal Þjóðminjasafns Íslands laugardaginn 20. maí 2006. Var Oddastefnan haldin í samvinnu við Stofnun Arna Magnússon og Heimspækistofnun HÍ. Þótti ráðstefnan vel heppnuð og fjölmenn. Meðal gesta voru Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti Íslands, sendiherrar Frakklands og Englands og Odile Brelhier sendifulltrúi í franska sendiráðinu. Unnið er að útgáfu erindanna og mun ritid koma út með vorinu.

Ræddi formaður næsta starfsár. Félagið hefur þegið boð hjónanna á Leirubakka að halda Oddastefnu 2007 í Heklusetinu á Leirubakka, helgina 19.-20. maí. Stefnt er að því að hafa Oddastefnuna þrjú, a. saga og uppboðstur, b. erindi um sögu og veldi Oddverja og tengsl þeirra við nágrennasveitlingar

c. hvalning um að jutt verði frekar á fornléifarárnsóknir ~~sem~~ á Odda sem framtíðarverkefni Oddafélagsins. Vel færi á að rannsóknirnar yrðu alíkar rannsóknum á Reykhólssstað.

Að lokum bent formaður á að þörf væri fyrir endurskoðun á lögum félagsins.

B. Iris Björk Sigurðardóttir gjaldkeri lagði fyrir reikninga ársins og voru þeir samþykktir. Vakin var athygli á að Oddastefna hefði verið óvenju djúf þetta árið en voru fundarmenn sammála um að hin vel heppnaða ráðstefna hefði verið þess virði. Skýisla formanns og gjaldkera voru samþykktar samhljóða.

Formaður dreifði í framhaldi af því fróðleik um Odda og var rætt um hvort endurskoða mætti þann bækling sem hægt væri að hafa í kirkjunni handa ferðamönnum.

C. Kosning stjórnar. Sr. Sigurdur Jónsson gefur ekki kost á setu í stjórninni alram. og voru honum þökkud góð störf í þágu félagsins. Lagt var til að í stað Sigurðar yrði Sr. Guðbjörg Arnardóttir núverandi sóknarprestur í Odda yrði kjörin ritari. Var sú lillga samþykkt. Formaður félagsinn Þór Jakobsson var endurkjörinn sem og aðrir stjórnarmedlimir og var þeim klappað lof í lofa.

E. Lagt var til að árgjald næsta árs verði óbreytt, 1000 krónur.

Hér var gest kaffihlé, veitingar voru í bóði Héraðsnefndar.

F. Undir liðnum önnur mál var rætt um Oddahátíð. Formaður hafði reitad hugmyndir sínar um að halda yrði Oddahátíð 2008. 'Óm Þórdarson sveitarstjóri' tók til máls, þakkaði fundarboð og lýsti yfir áhuga sveitarfélagsins á ~~starfi~~ samstarfi um Oddahátíð. Hann benti á að Vaxtarsamningur Suðurlands sem hefði að leiðarljósi menningatengda ferðapjónustu, rannsóknir og fróðastarf. og taldi hann því Oddafélagði eiga á vísan að Yóa í þeim samningi. Hann vakti sömuleiðis athygli á því að í þessum samningi eru nú þegar markmið þess efnis að efla starfsemi Oddafélagsins.

Þó Voru fundarmenn almennt sammála um að stefna bari að því að halda Oddahátíð 2008 og upp kom sú hugmynd að tengja hana héraðsriöku Valgerður á Leirubakki hvatti til þess að rannsókuð yrði saga eiginkvænna þeirra presta er setið hafa í Odda, hvað þar höfðu fyrir stafni.

Formaður kom fram með þá tillögu að gaman væri að koma upp heimasíðu félagsins. Formaður þakkaði góða fundarsetu og héraðsnefnd fyrir veitingarnar með lofaklappi.

Fundi stilið kl. 18.

Guðbjörg Arnardóttir, ritari.